



Málstefna Norðurþings

1. Leiðarljós og gildissvið

Lykilatriði í allri þjónustu og stjórnsýslu Norðurþings er vandað, skýrt og hnitmiðað mál, hvort heldur ritað eða talað. Þar er íslenska í öndvegi og skal hún vera til fyrirmyndar í samræmi við þingsályktun um íslenska málstefnu frá 2009 og lög um stöðu íslenskrar tungu nr. 61/2011. Í sömu lögum er kveðið á um að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og sjá til þess að hún sé notuð.

Allar almennar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins skulu auk íslensku einnig vera til á ensku.

Í rafrænni þjónustu Norðurþings skal allt mál vera skýrt og hnitmiðað þannig að íbúar geti hæglega nýtt sér hana og lokið erindum sínum.

Málstefna þessi tekur mið af annarri stefnumörkun og skuldbindingu af hálfu Norðurþings s.s. þjónustustefnu, starfsmannastefnu og skjalastefnu, byggir á grundvallaratriðum þeirra um jafnræði, virðingu, traust, gagnsæi, gott aðgengi að upplýsingum og virkum samskiptum.

Málstefna þessi gildir á öllum starfsstöðvum Norðurþings. Starfsfólk skal taka mið af henni í störfum sínum og samskiptum. Starfsmenn skulu vanda allt mál í þjónustu og upplýsingamiðlun.

2. Íslenska og önnur tungumál

Starfsfólk Norðurþings skal nota íslensku í störfum sínum og stjórnsýslu nema í sérstökum aðstæðum sem krefjast þess að starfsmenn noti önnur tungumál t.d. í boðuðum viðtölum í leik- og grunnskólum og félagsþjónustu við fólk með annað móðurmál en íslensku. Starfsmenn skulu kalla eftir aðkomu túlka þegar nauðsynlega er talin þörf á í samráði við næsta yfirmann. Allar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins, útgefið efni, fundargerðir og önnur gögn skulu vera á vandaðri, skýrri og auðskiljanlegri íslensku

Allt efni sem skylt er að upplýsa íbúa og hagsmunaaðila um samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum skal birta á vandaðri og auðskiljanlegri íslensku.

Íslenska skal vera meginsamskiptamál í þjónustu og vinnuumhverfi starfsstöðva Norðurþings. Þetta gildir líka um viðmót í tölvum, rafrænni þjónustu og helsta notendahugbúnaði á starfsstöðvum sveitarfélagsins þar sem því er við komið.

Hjá Norðurþingi er litið á margbreytileika mannlífsins og tungumálakunnáttu sem auðlind. Meta skal þekkingu og menntun starfsfólks af erlendum uppruna að verðleikum og veita því aðstoða til að nýta hana samhliða því að ná góðum tókum á íslensku máli. Miðað er við að starfsfólk sem er í beinum samskiptum við íbúa Norðurþings, skal hafa grundvallarfaerni í íslensku.

Allt efni á vegum Norðurþings, sem gefið er út á erlendum tungumálum, skal jafnframt vera til á íslensku.

3. Aðgengi

Allar upplýsingar um þjónustu Norðurljósa skulu vera á aðgengilegri og auðskiljanlegri íslensku. Íbúar skulu hafa greiðan aðgang að þessum upplýsingum á heimasíðu sveitarfélagsins sem og hjá starfsmönnum hverrar starfsstöðvar þannig að allir geti tekið virkan þátt í íbúalýðræði og samfélagsumræðu.

4. Málfar og málnotkun

Sá sem kemur fram fyrir hönd Norðurljósa talar og ritar vandað mál, sýnir vinsemd og virðingu í öllum samskiptum og þjónustu. Á það við um öll tungumál, íslensku sem önnur. Vandað mál er markvisst og í samræmi við málvenjur, í viðeigandi málsniði og ritað í samræmi við gildandi reglur og rétttritun.

Starfsfólk skal nota vandaða íslensku í samskiptum og þjónustu og þýða eins og kostur er íslensk fagheiti og hugtök í störfum sínum. Sá sem skrifar og svarar erindum fyrir hönd Norðurljósa skrifar einfaldan, skýran og hlutlægan texta. Hann forðast gildishlaðin orð, sterk lýsingarorð, flókin fagheiti og skammstafanir.

Norðurljósi leitast við að bæta íslenskukunnáttu starfsmanna sinna með símenntun til að málfar og málnotkun í skriflegum sem munnlegum samskiptum geti verið til fyrirmyndar. Tryggja skal starfsfólki aðgang að vefsíðum um íslenskt mál og málnotkun. Starfsfólk Norðurljósa skal hafa aðgang að yfirllestri þess efnis sem það gefur út vegna starfa sinna. Norðurljósi reynir eftir fremsta megni að efla færni erlendra starfsmanna í íslensku með vönduðu málvari í daglegu starfi sem og að hvetja starfsmenn til að sækja íslenskunámskeið í sveitarfélaginu og nágrenni þess.

5. Ábyrgð

Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á málstefnu Norðurljósa en fagsvið og stjórnendur stofnana sveitarfélagsins bera ábyrgð á því að framfylgja henni.

Allar stofnanir sveitarfélagsins Norðurljósa tileinki sér þessa málstefnu og fylgi henni eftir.

Tillaga að innleiðingu málstefnu Norðurljósa, verkþáttum, tímasetningum og ábyrgðaraðilum.

- Stefnan skal endurskoðuð á 5 ára fresti.
- Sveitarstjóri er helsti talsmaður stefnunnar, hann fylgir henni eftir og fylgist með að útgefið efni sé á skýru og skiljanlegu máli.
- Sviðsstjórar sjá um að kynna málstefnuna í fagráðum og meðal stjórnenda á fagsviðum. Þeirri kynningu skal lokið einum mánuði eftir gildistöku stefnunnar.
- Fagsviðin kynna málstefnuna á sínum starfsstöðum og ber sviðsstjóri ábyrgð á því. Hann hvetur starfsstöðvar til að kynna sér málstefnuna vel. Kynning á málstefnunni skal lokið af hálfu fagsviða þremur mánuðum eftir gildistöku hennar.
- Tryggja skal í samstarfi við tölvuumsjónarmann að tölvuumhverfi alls starfsfólks sé á íslensku, s.s. notendaviðmót í algengustu forritum. Tölvuumsjónarmaður ber ábyrgð á því að forrit og tölvubúnaður sé á vandaðri íslensku á öllum starfsstöðvum sveitarfélagsins.
- Tryggja skal að starfsfólk hafi rafrænt aðgengi að orðabókum og öðru stoðefni. Stjórnandi á hverri starfsstöð ber ábyrgð á því verkefni.



Samþykkt á 447. fundi byggðaráðs þann 09.11.2023.
Samþykkt á 139. fundi sveitarstjórnar þann 30.11.2023.

